

Skíðafélag Ísfirðinga og Ísafjarðarbær Þjónustusamningur.

Ísafjarðarbær kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Skíðafélag Ísfirðing (SFÍ) kt. 590269-2479, 400 Ísafirði, gera með sér svohljóðandi samning um umsjón með þjónustuhúsinu á Miðbrún og rekstur skíðaskálans í Tungudal:

1. gr.

Ísafjarðarbær felur SFÍ umráðarétt yfir þjónustuhúsinu á Miðbrún á Seljalandsdal. Félagið hefur full umráð yfir húsinu og er óheimilt að ráðstafa því nema að fengnu samþykki félagsins.

2. gr.

Ísafjarðarbær sér um greiðslur gjalda svo sem trygginga, fasteignagjalda og rafmagns og hita af þjónustuhúsinu á Miðbrún.

3. gr.

SFÍ tekur að sér án greiðslu alla vinnu við venjubundið viðhald og lagfæringar á húsinu á Miðbrún og sjái til þess að allt umhverfi kringum húsið sé ávallt til fyrirmyndar.

4. gr.

SFÍ sjái um sölu á aðgangskortum á göngusvæðinu og renni tekjur af þeim til uppbyggingar á svæðinu og viðhaldi á þjónustuhúsinu. Ísafjarðarbær fær yfirlit yfir sölu árskorta reglulega og nafnalista yfir þá sem hafa greitt og mun forstöðumaður skíðasvæðisins kalla eftir því. Þá fær Ísafjarðarbær greinagerð að vori um framkvæmdir sem unnar eru fyrir innkomu á svæðið.

5. gr.

Þá felur Ísafjarðarbær SFÍ að sjá um rekstur á skíðaskálanum í Tungudal frá 1. desember til 30. apríl ár hvert. Skíðafélagið sér um innheimtu lyftukorta, afgreiðslu í skíðaleigu og skuldbindur sig til að hafa skálann opinn á opnunartíma svæðisins. Þá sér félagið um hádegismat fyrir starfsmenn svæðisins á helgidögum þegar opið er.

Verkefni eru:

- a) Opnun hússins á opnunartíma svæðis s.s. nestis- og salernisaðstaða, aðstoð við gesti, símavarsla o.fl. Á virkum dögum getur SFÍ takmarkað aðgengi að sal.
- b) Ræsting skálans vegna gesta skíðasvæðis og eftirlit með að á salernum sé ávalt snyrtilegt, nægur pappír og sápa. Ísafjarðarbær sér um kaup á hreinlætisvörum fyrir báða skála.
- c) Miðasala á skíðasvæðið, skil á peningum til bæjarsjóðs daglega og uppgjör daglega.
- d) Afgreiðsla í skíðaleigu, skil á peningum til bæjarsjóðs daglega og uppgjör daglega.
- e) Halda verönd Skíðaskálans og næsta nágreni þrífalegu.
- f) Hádegismatur fyrir starfsmenn Skíðasvæðis á helgidögum þegar opið er (allt að 160 máltíðir að vetri). Máltíðir taki mið af því sem í boði er í veitingasölu en einnig innifalin súpa.



6. gr.

Ísafjarðarbær tryggir aðgengi að ruslatunnum og ruslagám.

7. gr.

Í samningi þessum er gert ráð fyrir hefðbundnum opnunartíma skíðasvæðisins þ.e. 3-4 virkum dögum í viku frá kl. 15:00-18:30 og um helgar frá kl. 11:00-16:00. Opnunartími breytist þó í Skíðavíkunni og þá má gera ráð fyrri 4-6 skíðadögum grunnskólanna sem hafa í för með sér opnun frá kl. 8:00 til hefðbundins lokunartíma.

8. gr.

Fyrir þjónustu þessa greiðir Ísafjarðarbær SFÍ kr. 350 þús. á mánuði sem greiðist eftir á en aldrei þó seinna en 20. næsta mánaðar á eftir.

9. gr.

SFÍ hefur á samningstímanum einkaleyfi á veitingasölu á skíðasvæðinu.

10. gr

Komi til þess á samningstímanum að snjóleysi valdi lokun Skíðasvæðisins í Tungudal samfelld í þrjár vikur, lækkar samningsupphæðin um 40% þann mánuðinn.

11. gr.


Ef nægur snjór er til opunar um páskahelgi, greiðir Ísafjarðabær 95.000 kr. aukalega ofan á samningsupphæð 8. gr. fyrir þann mánuðinn.

12. gr.

Samningur þessi tekur gildi frá 1. janúar 2013 í tvö ár. Hvor samningsaðili getur farið fram á endurskoðun samningsins í september ár hvert, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Vanefndir s.s. skáli ekki opnaður, máltíðir falla niður eða uppgjöri ekki komið til Ísafjarðarbæjar geta seinkað eða stöðvað greiðslur frá Ísafjarðarbæ.

Ísafirði, 6. nóvember 2012


F.h. Skíðafélags Ísfirðinga


F.h. Ísafjarðarbæjar.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun.

